

MÍÐLUN

Útgáfa

Stofnunin gefur út á eigin vegum og í samvinnu við aðra ýmis vísinda- og fræðirit. Meðal þeirra eru **FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR** þar sem birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og samstarfsmenn utan hennar; **ACTA BOTANICA ISLANDICA** sem er tímarit helgað íslenskri grasafræði og **BLÍKI** sem er tímarit um fugla, gefið út í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglavernd, Líffræðistofnun Háskólans og áhugamenn um fugla.

Auk þessa gefur stofnunin út válista, ársskýrslur, skýrslur um einstök verkefni og fræðsluefni ýmiss konar. Þá heldur hún úti vefsetrinu <http://www.ni.is>.

Fræðsla

Náttúrufræðistofnun Íslands annast fræðslu og skipulega miðlun upplýsinga um náttúru landsins og er í virkum tengslum við skóla og nemendur á öllum skólastigum, almenning og fræðasamfélagið. Stofnunin er einnig vísindalegur og fræðilegur bakhjarl Náttúruminjasafns Íslands.

Á veturna heldur stofnunin **HRAFNABING**, sem er vettvangur fyrir umræður um náttúrufræði. Um er að ræða röð fræðsluerinda sem að jafnaði eru á dagskrá aðra hverja viku. Þar kynna starfsmenn stofnunarinnar rannsóknir sínar og gestafyrirlesurum er boðið að flytja erindi.



www.ni.is

Urriðaholtstræti 6-8
Pósthólf 125
212 Garðabæ

Akureyrarsetur
Borgir við Norðurslóð
Pósthólf 180
602 Akureyri

Ljósmyndir: Anette Th. Meier (1), Erling Ólafsson (3),
Kristján Jónasson (1)
Hönnun: Anette Th. Meier
Prentun: Prentsmiðjan Oddi
© Náttúrufræðistofnun Íslands 2014

Að rannsaka,
skrá og lýsa
náttúru Íslands,
vakta hana,
vernda og nýta
skynsamlega

er hlutverk
Náttúrufræðistofnunar Íslands



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Meginhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands er að stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins, annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands og varðveita niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum. Stofnunin býr yfir gagnabanka um náttúru landsins og hlutverk hennar er að hafa yfirsýn og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um verndun og skynsamlega nýtingu náttúrunnar. Hún hefur einnig víðtækt vöktunar- og fræðsluhlutverk.

Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins. Stofnunin heyrir til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992. Starfsstöðvarnar eru tvær, í Garðabæ og á Akureyri.



STARFSSVIÐ

Starfssviði stofnunarinnar má skipta í þrjá meginflokka:

Að skrá, varðveita, flokka og kortleggja lífríki og jarðmyndanir landsins og skrá upplýsingar um þessa þætti í gagnagrunna.

- Að efla vísindaleg náttúrugripasöfn
- Að byggja upp gagnagrunna yfir íslenskar tegundir lífvera, steingervinga og steina
- Að kortleggja útbreiðslu lífvera, gróðurfélaga og vistgerða landsins
- Að kortleggja berggrunn og laus jarðlög landsins (jarðgrunn), þ.m.t. ofanflóð
- Að stunda grunnrannsóknir í flokkunarfræði lífvera, steingervingafræði og bergfræði

Að vakta náttúru landsins, meta verndargildi náttúruminja og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda

- Að fylgjast með stofnbreytingum mikilvægra tegunda og stofna. Gera áætlun um og bera ábyrgð á kerfisbundinni vöktun lífríkis sem taki til lykilþátta líffræðilegrar fjölbreytni
- Að meta verndargildi og verndarstöðu tegunda, vistgerða og jarðminja og gefa út valista
- Að meta veiðipól stofna, þörf á veiðistýringu og veita ráðgjöf til stjórnvalda þar að lútandi

Að afla, taka við og miðla upplýsingum um íslenska náttúru

- Að gefa út vandað ritað efni og kort
- Að miðla upplýsingum og fræðsluefni á netinu
- Að halda úti vandaðri safna- og upplýsingaþjónustu
- Að vera ráðgjafi, álitsgjafi og umsagnaraðili í málum er varða nýtingu náttúruauðlinda, landnotkun og náttúruvernd
- Að fylgjast með nýjungum, stefnum og straumum á fræðasviðum stofnunarinnar og kynna störf hennar innanlands og á alþjóðavettvangi

VÍSINDA- OG HEIMILDASÖFN

Vísindasöfn

Náttúrufræðistofnun Íslands varðveitir milljónir eintaka af tegundum lífvera, steingervingum, seti, borkjörnum, steindum og bergi sem fundist hafa á Íslandi. Safnkosturinn er geymdur í fullkomnum safnaskálum sem uppfylla strangar öryggiskröfur.

Vísindasöfnin eru fræðileg söfn og mikilvæg undirstaða rannsókna í berg- og steindafræði, jarðsögu landsins, steingervingafræði og flokkunarfræði lífvera. Söfnin endurspeglar hvers kyns breytileika íslenskrar náttúru, ásamt sögu lands og lífs. Margir safngripir eru sjaldgæfir eða finnast ekki lengur í íslenskri náttúru. Aðrir safngripir mynda samfellda tímaröð yfir marga áratugi, með eintökum af sömu tegund frá sama stað.

Vísindamönnum og nemendum er veittur aðgangur að söfnunum til rannsókna.

Bókasafn

Bókasafn stofnunarinnar er mikið að vöxtum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, með höfuðáherslu á náttúru Íslands. Það telur um 12.000 bókartitla og 350 tímarit og ritraðir berast reglulega. Einnig er að finna 35.000 sérprent með helstu ritgerðum um íslenska fugla, grasafræði og jarðfræði Íslands, einnig um 2500 kort.

